

Til handhafa útboðsgagna nr. 15451 - Þjónusta við þráðlausa senda og netskápa í grunnskólum Reykjavíkurborgar**Málefni: Viðauki 2 við ofangreind útboðsgögn.**

Kaupandi hefur ákveðið að lengja alla tímafresti vegna páskaleyfa.

Uppfærðir tímafrestir eru því eftirfarandi:

- Fyrirspurnarfrestur bjóðenda: **20. apríl kl. 14:00**
- Svarfrestur kaupanda: **22. apríl kl. 14:00**
- Tilboðsfrestur og opnunartími tilboða: **29. apríl kl. 10:15**

Einnig hafa eftirfarandi fyrirspurnir borist og eru svör upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar við þeim hér fyrir neðan.

Fyrirspurn 4:**Tilboðsfrestur**

Svarfrestur kaupanda er 14. apríl. Skil á tilboði í verkið er 22. apríl sem telst vera frekar stuttur tími vegna páskaleyfa. Óskað er eftir því að skiladagsetning verði framlengd um viku eða til 29. apríl.

Svar 4:

Kaupandi hefur ákveðið að koma til móts við bjóðendur vegna páskaleyfa og framlengir alla tímafresti samanber ofangreint.

Fyrirspurn 5:

2.4.3 Hluti 2 - „Netskápaþáttur

2.4.4 Verkefni

Litakóðar fyrir tölvukapla í netskápum skulu vera sem hér segir:

Grátt = Tölvur, símar og prentarar.

Rautt = Þráðlausir sendar.

Gult = Uplinkar.

Blátt = Sérkerfi

Spurning: Er vitað hvar hver búnaður er á panelum eða þarf verktaki að finna það út sjálfur?

Svar 5:

Ekki er til listi yfir hvar búnaður er á panel.

Fyrirspurn 6:

Færa til 5 netskápa þar sem þeir eru óheppilega staðsettir t.d vegna hita og vatns, í samráði við starfsfólk UTR

Spurning: Þar sem á að færa skápa ná allar lagnir? rafmagn, net og ljósleiðar (ef við á) og ef svo er ekki á þá að endurleggja þær lagnir?

Svar 6:

Nei. Það má búast við að framlengja eitthvað af lögnum.

Fyrirspurn 7:

Netskápar eru að lágmarki 600x600x600 mm. Raflagnir í netskáp skulu vera nægjanlegar til að tengja þau tæki sem koma þarf fyrir í netskápum með 4 tenglum aukalega til framtíðar og skal straumfæðingin vera á sér bilanastraumsrofa eða sambyggðu öryggi og bilanastraumsrofa.



Spurning: Hvergi í magnskrá er minnst á raflagnir eða lágspennu, eingöngu netlagnir. Hvað er gert ráð fyrir að það þurfi að auka straumfæðingu í mörgum skápum? Er með „sett upp net þráðlausra senda“ átt við að tengja og festa þá upp í loft og vegg eða er vísað til þeirrar vinnu að stilla (configga) sendana?

Svar 7:

Í þeim tilfellum sem þarf að skipta um skápa þá þarf að hafa sambærilega straumfæðingu og í skáp sem fyrir var auk 4 tengla aukalega skv. útboði. Þetta á eingöngu við í þeim skápum sem þarf að skipta út.

Fyrirspurn 8:

Í Kafli 0.4.3.1 Hluti 1 (Mælingar/Lagnavinna) er gerð krafa um sveinspróf í Rafvirkjun.

Aðrir aðilar sem vinna við verkið skulu hafa hið minnsta sveinspróf í rafvirkjun og hið minnsta 3ja ára reynslu á net- og raflögnum.

Spurning. Er sveinspróf í símsmíði tekin gild?

Svar 8:

Já, það er tekið gilt undir kröfunni,,- Aðrir aðilar sem vinna við verkefnið...“.
Að öðru leiti eru kröfur undir lið 0.4.3.1 óbreyttar.

Fyrirspurn 9:

2.4.2 Hluti 1 - „Lagnavinnuþáttur“

2.4.2.1 Verkefni

Verktaki skal nýta fyrirliggjandi lagnir að sendum, sé þess kostur, annars setja upp nýjar lagnir í stað þeirra sem fyrir eru.

Spurning: Er gert ráð fyrir því að það sé settur cat5e tengill á endann á nýjum lögnum við senda eða á að setja RJ45 mola beint á streng?

Svar 9:

Nei. Setja skal RJ45 mola beint á streng og mæla.

Vinsamlega athugið að viðauki þessi er hluti framangreindra útboðsgagna.